

583. fundur

Fimmtudaginn 25. júní 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Tekin fyrir fundargerð 582 og samþykkt án athugasemda.
2. Lögð voru fram drög að (2.) breytingu á reglugerð nr. 1139/2014 um niðurfellingu innflutningsvernd á útræktuðu grænmeti. Nefndin hafði áður samþykkt drögin á tölvupóstum.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 160/2012 um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög til umsagnaraðila, með vísan til 4. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0701.9009	Annars (kartöflur)	06.07.-16.08.15	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.07.-16.08.15	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.07.-13.09.15	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	01.07.-20.09.15	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	01.07.-12.07.15	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál (<i>Brassica oleracea</i> var. <i>italica</i>)	01.07.-31.12.15	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-27.09.15	ótilgr.	0	0
0706.9001	Gulrófur	06.07.-27.09.15	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-06.09.15	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndum tímabilum og eftir tegundum á útræktuðu grænmeti en byggt er aðallega á reynslu undanfarinna ára og þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

3. Erindi frá Síld og fisk ehf, dags. 19. júní 2015 um að skortur og/eða yfirvofandi skortur væri á svínasíðum á markaði. Send var út fyrirspurn til framleiðenda og innflutningsaðila um erindið. Farið var yfir svörin og ákveðið að senda drög að reglugerð til umsagnaraðila, áður en nefndin gerir tillögu til ráðherra.

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

4. Erindi frá Eggert Kristjánssyni ehf og fleiri aðila um heimild til lengri framlengingar á áður úthlutuðum WTO tollkvóta vegna verkfalls dýralækna. Ákveðið að halda óbreyttri verklagsreglu nefndarinnar, eins mánuðar framlegningu.
5. Tekið var fyrir útboð WTO tollkvótans vegna tímabilsins 1. júlí 2015 – 30. júní 2016. Frekari umræðu var frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.